

kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Einari Guðmundssyni skipstjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Gunnar Alfredsson og Margrét Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Páli Arnari Georgssyni, kr. 491.511 með 22% ársvöxtum frá 30. júní 1979 til 6. nóvember 1979, en með 39.5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags og kr. 230.000 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðsrétt í m/b Þóri, VE 16, fyrir hinum dæmdu kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 29. apríl 1983.

Nr. 235/1982. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Agli Ragnars Guðjohnsen

(Brandur Brynjólfsson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 25. október 1982, en ágríp máls barst Hæstarétti 21. desember s. á.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds í málinu og sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti, verði greidd út ríkissjóði.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, gekkst ákærði við því fyrir rannsóknarlögreglu að morgni 16. júlí 1981 að hafa verið „eitthvað undir áhrifum áfengis“ við akstur bifreiðarinnar R 62778 kvöldið áður. Er framburður hans reifaður í héraðsdómi, en þar lýsir hann drykkju sinni frá kl. 1830 hinn 15. júlí svo og akstursleið sinni frá Kópavogi að Bústaðavegi, þar sem bifreið hans lenti í moldarbing og staðnæmdist. Gætt var ákvæða 1. mgr. 40. gr. og 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974 við yfirheyrsluna eftir því sem skráð er í lögregluskýrslu. Yfirheyrsla þessi fór fram, eftir að ákærði hafði verið vistaður næturlangt í fangaklefa. Yfirheyrslan hefði þurft að vera rækilegri, t. d. er ekki spurt um, hvort ákærði hafi verið með einhverjum mönnum, þegar drykkjan átti að hafa farið fram, og eigi er spurt um áfengisneyslu að akstri loknum, þótt sérstakt tilefni væri til þess. Er ákærði yfirgaf bifreiðina, sá vitnið Jens Guðmundsson til ferða hans, og telur það í vætti sínu fyrir dómi, að ákærði hafi þá verið „dauðadrukinn“. Vitnið Margrét Guðmundsdóttir, er sá hann skömmu síðar, svo sem rakið er í héraðsdómi, segir í vætti sínu fyrir dómi, að það hafi ekki „séð þess merki á manninum, að hann hafi verið ölvaður . . .“. Vitnið Kristján Kristjánsson ók ákærða litlu síðar, svo sem einnig er greint í héraðsdómi. Segir það vitni í vætti fyrir sakadómi, „að maðurinn hafi virst ör, en man ekki eftir, að af honum hafi verið áfengislykt. Vitnið kveðst ekki hafa séð á honum frekari einkenni, sem bent gætu til ölvunar.“

II.

Engin haldbær rök eru fram komin fyrir því, að ólögmætum aðferðum hafi verið beitt af hálfu lögreglunnar til að knýja ákærða til játningar hinn 16. júlí 1981.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, fær skýrsla ákærða fyrir rannsóknarlögreglu 16. júlí 1981 eigi stöð í vætti þeirra Margrétar Guðmundsdóttur og Kristjáns Kristjánssonar, er sáu hann, rétt eftir að akstri lauk, og töldu hann ekki ölvaðan. Gegn

vætti þeirra stendur vætti Jens Guðmundssonar, en hann sá ákærða úr nokkurri fjarlægð.

Ákærði hvarf frá játningu sinni í framburði 16. júlí 1981, í skýrslum fyrir rannsóknarlögreglu 12. janúar 1982 og í sakadómi Reykjavíkur 16. mars s. á., svo sem greint er í héraðsdómi. Í hinum breytta framburði kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis, fyrr en eftir að hann lauk akstri bifreiðarinnar. Skýrði hann frá áfengisneyslu sinni á Laugardalsvelli á greindum tíma og kvað áfengisáhrifin stafa einvörðungu af þeirri drykkju.

Þegar gögn máls eru virt heildstætt, þykja ekki alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur í umrætt skipti, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, en blóðsýni og könnun þess geta eigi verið úrslitagögn í málinu. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds um refsingu og ökuleyfisviptingu vegna brots á 2. mgr. sbr. 3. mgr. (upphaflega 4. mgr.) 25. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

III.

Ákærði er enn fremur sakaður um að hafa ekið framangreindri bifreið í umrætt sinn „svo óvarlega á Bústaðavegi, að bifreiðin lenti upp á moldarbing og síðan út af vegi.“ Rannsókn máls um þetta ákæruefni er eigi jafnrækileg og skyldi, uppdráttur af vettvangi, er sýni aðstæður og verksummerki, hefur eigi verið lagður fram, og eigi er við ljósmyndir að styðjast. Enn er þess að geta, að taka hefði átt ítarlegri skýrslur af ákærða um þetta ákæruatriði.

Atvik að útafakstri ákærða eru óljós samkvæmt sakargögnum, og ber því að sýkna hann af framangreindum ákæruþætti, en brot skv. honum taldi ákæruvaldið varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt þessu er ákærði dæmdur sýkn saka af kröfum ákæruvalds í máli þessu, og ber að leggja allan kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Egill Ragnars Guðjohnsen, á að vera sýkn af kröfum um ákæruvalds í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmans, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júní 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 16. júní, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í máli nr. 225/1982: Ákærvaldið gegn Agli Ragnars Guðjónsen, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæru frá 11. febrúar sl. gegn Agli Guðjónsen nema, Tunguseli 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 9. júní 1955, fyrir að aka að kvöldi miðvikudagsins 15. júlí 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 62778 frá Birkigrund 21 í Kópavogi áleiðis á Laugardalsvöll og aka svo óvarlega á Bústaðavegi, að bifreiðin lenti upp á moldarbing og síðan út af vegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í skýrslu Jóns Otta Gislasonar lögreglumanns, segir, að kl. 2120 miðvikudaginn 15. júlí sl. hafi lögreglunni verið tilkynnt, að bifreið hefði verið ekið út af gengt Bústaðakirkju. Á vettvangi tjáði tilkynnandi, Jens Guðmundsson, lögreglunni, að blárri Fiat bifreið hefði verið ekið með „ofsahraða“ austur Bústaðaveg, upp á moldarbing, yfir hann og síðan hefði bifreiðin fest í mold skammt frá bingnum. Haft er eftir Jens, að ungur maður í rauðri peysu hafi verið einn í bifreiðinni, sem hefði komið slagandi frá henni, síðan hljóp hann og fór úr peysunni. Maðurinn hefði hlaupið inn í kjallara hússins nr. 7 við Seljaland. Lögreglumennirnir hittu þar fyrir Margréti Guðjónsdóttur. Hún tjáði þeim, að „skömmu áður“ hefði ungur maður, henni ókunnugur, spurt eftir eiginmanni hennar, sem var að heiman. Í skýrslunni er haft eftir Margréti, að hún hafi fundið áfengislykt af mannum og hann hefði verið æstur. Fékk hann að hringja á leigubifreið og fór með henni. Viðkomandi leigubifreiðarstjóri, Kristján Kristjánsson, tjáði lögreglunni, að hann hefði skilið við farþega sinn í Ármúla og hefði maðurinn gengið austur þá götu. Lögreglan leitaði mannsins án árangurs.

Á vettvangi var bifreiðin R 62778, og var megn áfengislykt í henni. Er lögreglan var með aðstoð kranabifreiðar að vinna við að koma bifreiðinni upp á veginn, bar þar að ákærða í leigubifreið, og kvaðst hann vera eigandi bifreiðarinnar. Í skýrslunni segir, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður,

sterkur áfengisþefur af andardrætti, augu hans vot og rauð og jafnvægi óstöðugt. Ákærði var færður til yfirheyrslu á lögreglustöðina. Þá kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni, síðan farið á Laugardalsvöllinn, þegið þar áfengi hjá kunningjum og síðan farið aftur á Bústaðaveg. Ákærði neitaði að hafa drukkið áfengi fyrir akstur og á meðan á akstri stóð. Ákærði var síðan færður til blóðtöku og að því loknu í fangageymslu. Í blóðsýni ákærða reyndist magn alkóhóls vera 1.40‰.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar 3. september sl. skýrði Jens Guðmundsson iðnverkamaður, Austurbrún 2 hér í borg, fæddur 26. júní 1945, svo frá, að hann hefði verið að vinna við hús nr. 98 við Tunguveg, er hann sá, að bifreiðinni R 62778 var ekið á mikilli ferð austur Bústaðaveg. Sér hafi vírst, að ökumaðurinn missti stjórn á bílnum og ekið utan í vegbrún, og lauk akstrinum í moldarbing utan vegar. Ökumaðurinn hljóp að Bústaðakirkju, þá suður fyrir Bústaðaveg að vinnuskúr. Þar fór hann úr peysu og hljóp síðan að Seljalandi 7 og inn í það hús. Vitnið beið við bifreiðina R 62778, þar til lögreglan kom. „Skömmu síðar“ kom ökumaðurinn í leigubifreið. Þá var hann „drukkinn“ og með ölflosku í hendi. Ökumaðurinn sagði orðrétt: „Hvað eruð þið að gera við bílinn minn, ég var ekki fullur, þegar ég lagði honum hér.“ Vitnið kvaðst í „millitíðinni“ hafa farið með lögreglumönnum að leita ökumannsins, en það var árangurslaust.

Jens skýrði svo frá í dóminum, að á umræddum tíma hefðu farið fram jarðvegsskipti sunnan Bústaðavegar vegna væntanlegs túns. Þarna hafi því verið malarbingur fyrir innan kantsteinana að sunnanverðu. Bifreiðinni var ekið á „gífurlegri ferð“ og hjól bifreiðarinnar öðrum megin hefðu farið upp á kantsteinana, utan í malarbing, síðan aftur út á Bústaðaveg og loks aftur upp á steinana og hafnaði að lokum í moldarflagi fyrir austan binginn. Framangreint sá vitnið, er það var uppi á húsinu Tunguvegi 98 og var að mála þakskeggið. Bifreiðin var vart stöðvuð, er maður stökk út úr bifreiðinni, hljóp við fót að vinnuskúr og þar úr peysu. Er maðurinn gekk frá vinnuskúrnum, sá vitnið, að maðurinn slagaði, og sagði vitnið, „að ekki hafi farið á milli mála, að maðurinn var dauðadrukkinn.“ Maðurinn fór inn í Seljaland 7. Ekki kvaðst vitnið sjálft hafa hringt í lögregluna, heldur fólk í næsta húsi, sem statt var í húsagarðinum og mun hafa séð eitthvað af atburðinum eða rokið út, er það heyrði lætin. Ekki hafði vitnið nafn á þessu fólki, en taldi það hafa verið í húsi nr. 96. Í viðkomandi raðhúsálengju eru húsin nr. 84—100. 5—10 mínútur liðu, þar til lögreglan kom. Vitnið fór með henni að Seljalandi 7, Hollywood, Hótel Esju, Múla-café og til baka. Er vitnið var rétt komið aftur upp á þakskeggið, kom maðurinn aftur á leigubifreið. Ekki gat vitnið sagt um, hve langur tími leið á milli þess, að hann sá manninn aka á malarbinginn og þar til hann kom

aftur, en giskaði á tæpa klukkustund. Er maðurinn kom aftur, var lög-reglan að láta færa bifreið hans.

Vitnið Margrét Guðjónsdóttir íþróttakennari, Seljalandi 7, fædd 29. ágúst 1955 á Akranesi, kvaðst við lögreglurannsókn 15. október sl. hafa verið ein heima, er maður, sem hún hefði aldrei séð fyrr, knúði hjá henni dyra og spurði um eiginmann hennar. Maðurinn var „mjög æstur“ og óskaði eftir að fá síma, eftir að honum var tjáð, að húsbóndinn væri eigi heima. Manninum dvaldist við símann í um 5 mínútur og fylgdist vitnið ekki með, hvert hann hringdi. Maðurinn þakkaði síðan fyrir sig og fór. Ekki sá vitnið til ferða mannsins, eftir að hann fór. Vitnið gat eigi sagt um, hvort hann var ölvaður, en hann var æstur. Vitnið kvaðst eigi hafa séð manninn eftir atburðinn.

Í dóminum kannaðist vitnið Margrét ekki við að hafa í fyrstu neitað að-spurð af lögreglunni, að til hennar hefði leitað maður. Vitnið kvaðst eigi hafa séð þennan mann fyrr en síðar, en hann hefði haft orð á, að hann kannaðist við eiginmann vitnisins. Vitnið kvaðst eigi hafa séð þess merki á manninum, að hann væri ölvaður, en hann hefði verið móður, eins og hann væri nýbúinn að hlaupa. Eftir að maðurinn hringdi, þakkaði hann fyrir sig og fór. Ekki vissi vitnið, að maðurinn fór á leigubifreið.

Vitnið Kristján Kristjánsson leigubifreiðarstjóri, Álfamýri 22, fæddur 4. október 1918, bar við lögreglurannsókn 15. október sl., að hann hefði verið staddur með bifreið sína við „staur“ í Réttarholti, er honum bárust boð frá talstöð Bæjarleiða að fara að Seljalandi 7. Þar beið vitnið „smástund“. Þá kom út úr húsinu frekar hár og grannur ungur maður. Settist hann í frmasætið og virtist vitninu hann vera í uppnámi, þ. e. „mikil ferð hafi verið á manninum og eins og hann væri að flýta sér“. Vitninu virtist maðurinn „eitthvað ölvaður“. Maðurinn óskaði eftir akstri að veitingahúsinu Hollywood, en við póstgíróhúsið í Ármúla óskaði hann eftir, að bifreiðin væri stöðvuð, og yfirgaf hana. Í dóminum hefur vitnið skýrt frá á svipaðan hátt. Sér hafi vírst farþeginn vera ör, en mundi ekki eftir, hvort af honum hafi verið áfengislykt. Vitnið kvaðst ekki hafa séð á honum frekari ein-kenni, sem bent gætu til ölvunar, en vera kunni, að það hefði tekið þannig til orða hjá lögreglunni, að maðurinn hafi vírst eitthvað ölvaður, því hann var ör.

Í vottorði frá bifreiðastöðinni Bæjarleiðum, sem fylgdi skjölum málsins, er „staðfest“, að þann 15. júlí 1981, kl. 2130, hafi afgreiðsla bifreiðastöðvarinnar sent bíl samkvæmt kvaðningu að Seljabraut 7. Þessi tímasetning kemur ekki heim og saman við aðrar tímasetningar í gögnum málsins.

Vitnið Þórhallur Björnsson viðskiptafræðingur, Írabakka 20 hér í borg, fæddur 6. desember 1953 í Reykjavík, hefur í dóminum skýrt svo frá, að hann hafi hitt ákærða á Laugardalsvelli þann dag, sem hér skiptir máli.

Vitnið kvaðst oft fara á völinn og stundum með ákærða. Umrætt sinn var dálítið sérstakt, þar sem dóttir vitnisins var með því, en slíkt væri ekki venjulegt. Einnig sagði vitnið, að ákærði hefði talað við sig, eftir að málið kom upp. Er vitnið hitti ákærða á vellinum, var hann með öflösku, og fann vitnið af honum áfengislykt. Þar sem vitnið var með barnið, ræddi það lítið við hann. Vitnið vissi ekkert um ferðir ákærða fyrir eða eftir mót þeirra á vellinum. Vitnið sagði þá hafa hist í seinni hálfleik og hafi eitthvað verið liðið á hann.

Vitnið Magnús Theódórsson tölvutæknir, Jörvabakka 2, fæddur 16. apríl 1949 í Reykjaví, sagði í dómnum, að 15. júlí sl. væri sér ekkert minnisstæður. Vitnið mundi þó, að það var þá á Laugardalsvelli, vegna þess að 1—2 vikum síðar hringdi ákærði og spurði, hvort það myndi eftir að hafa hitt hann þar þá og hvort vitnið hefði séð á sér áfengisáhrif. Vitnið kvaðst hafa svarað fyrri spurningunni játandi, en þeirri seinni neitandi, enda hefði það ekki séð áfengisáhrif á ákærða. Vitnið taldi, að þeir hefðu hist í upphafi leiks og skíft á nokkrum orðum. Vitnið sá ekki flösku hjá ákærða og sá ekki á honum áfengisáhrif. Ekki gat vitnið fullyrt með neinni vissu, hvenær á leiktímanum það hitti ákærða. Ákærði var þá einn.

Vitnið Smári Kristjánsson atvinnurekandi, Nesvegi 59, fæddur 26. maí 1947 í Reykjavík, bar í dómnum, að það hefði hitt ákærða á Laugardalsvelli að kvöldi hins 15. júlí sl. Ákærði var þá eitthvað undir áfengisáhrifum og með öflösku. Vegna kunningssskapar við hann ók vitnið ákærða samkvæmt ósk að söluskála við Bústaðaveg. Ekki mundi vitnið fyrir víst, hvort ákærði hafði á orði, hvaða erindi hann átti á Bústaðavegin. Ekki fylgdist vitnið með ferðum ákærða, eftir að hann yfirgaf bílinn.

Við lögreglurannsókn 4. september sl. bar vitnið Guðmundur Rúnar Ásmundsson leigubifreiðarstjóri, Bústaðavegi 71, Reykjavík, fæddur 2. nóvember 1957 í Reykjavík, að hann hefði verið „pantaður“ frá stöðinni og beðinn að koma að „Ingaskýli“ á mótum Bústaðavegar og Stjörnugrófar. Þar kom í bifreiðina ölvaður maður með öflösku í hendi. Ekki vissi vitnið um innihald hennar. Maðurinn óskaði eftir, að sér yrði ekið vestur á Bústaðaveg, þar sem hann ætti bifreið. Maðurinn tjáði vitninu, að hann hefði skömmu áður komið á bifreið sinni, en hún hefði bílað og hann hefði þurft að ýta henni utan vegar. Þegar komið var að bifreið farþegans, var lögreglan þar fyrir og handtók manninn.

Í dómnum kvaðst vitnið Guðmundur Rúnar hafa verið statt með bifreið sína í stæði stöðvarinnar á mótum Háaleitisbrautar og Hvassaleitis, er beðið var um bíl að söluskála við Stjörnugróf. Bifreið vitnisins var fremst í biðröðinni, og ók það rակeitt á staðinn. Þar kom í bifreiðina ungur maður, með öflösku, sem var bersýnilega ölvaður. Pilturinn bað um akstur að bifreið, sem var neðan við Ásgarð. Þar var lögreglan fyrir.

Í vottorði frá Bifreiðastöð Reykjavíkur segir, að kl. 2125 hinn 15. júlí sl. hafi vitnið verið sent á bifreiðinni R 753 að „sjoppunni“ við Bústaðaveg.

Við lögreglurannsóknina 17. nóvember sl. skýrði vitnið Jón Otti Gíslason lögreglumaður svo frá:

„Mætti segir, að eftir að hann kom á vettvang, þá hafi hann strax farið að Seljalandi 7 ásamt lögregluþjóni nr. 207. Mætti kveðst hafa hringt þar dyrabjöllum eftir að hafa gengið úr skugga um það á fyrstu hæð, að öku- maður var ekki þar. Þá kveðst mætti hafa farið á aðra hæð hússins. Þar hafi komið til dyra ung kona. Kona þessi hafi í fyrstu ekki kannast við, að þangað hafi neinn komið. Mætti kveðst þá hafa ítrekað spurningu og þá hafi konan viðurkennt, að þá skömmu áður hafi komið til sín maður og hafi sá bedið um síma. Mætti segir, að konan hafi einnig sagt, að maður þessi hafi spurt um eiginmann konunnar, en hún þá sagt honum, að hann væri við vinnu. Mætti segir, að konan hafi þá sagt þeim, að maður þessi hafi hringt í leigubíl og síðan farið úr húsinu. Mætti kveðst hafa lýst manninum fyrir konunni, og eftir að hann gerði það, þá hafi hún kannast við, að þetta skeði. Mætti segir, að konan hafi tekið fram við mætta, að maður þessi hafi verið mjög æstur að sjá, einnig kvaðst hún hafa fundið áfengislykt af honum.

Mætti kveðst þá hafa haft sambandi við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar og bedið um, að kannað væri hjá leigubifreiðastöðvum um leigubíl að Seljalandi 7. Þeir hafi síðan fengið uppgengið, að bill frá Bæjarleiðum hafi þá skömmu áður tekið farþega við Seljaland 7.

Mætti vill taka fram, að þá er hann var að tala við konu þá, sem áður greinir, þá hafi hún hringt í eiginmann sinn til að kanna, hvort maður sá, sem kom á heimili mættu, hafi komið þangað. Mætti segir, að konan hafi ekki náð sambandi við eiginmann.

Mætti kveðst síðan hafa haldið ásamt tilkynnanda Jens og þeir hafi farið á Hótel Esju, einnig Hollywood til að grennslast þar um ætlaðan ökumann. Þeir hafi einskis orðið vísari og þá haldið aftur á Bústaðaveg.

Mætti segir, að þá skömmu síðar hafi eigandi R 62778 komið í leigubifreið á staðinn. Mætti segir, að maður þessi hafi verið áberandi ölvaður og jafnframt tilkynnt þeim, að hann væri eigandi að bifreiðinni. Mætti kveðst þá hafa spurt mann þennan um veru bilsins á staðnum. Eigandi hafi þá sagt þeim, að hann hafi lagt bifreiðinni þarna þá skömmu áður, og áður en ég datt í það.

Mætti lýsir manni þessum þannig: Skolhærður, frekar hár vexti, klæddur í vinnuföt, nánar málningargalla, og í rauðri peysu og að rangan hafi snúið út, eða eins og farið hafi verið í peysuna í flýti.

Aðspurður um, hversu langur tími hafi liðið, frá því að mætti kom fyrst

á staðinn og þangað til ökumaður kom, segir mætti, að mjög skammur tími hafi liðið. Nánar spurður segir mætti, að það hafi verið í mesta lagi 20 mínútur, sem liðu.

Mætti tekur fram, að lýsing sú, sem tilkynnandi Jens gaf mætta á ökumanni, hafi verið á sama veg og maður sá, sem kom að bifreiðinni, eins og áður greinir, mætti segir, að Jens hafi tekið fram, að maðurinn hafi verið í rauðri peysu, þá er hann hljóp frá bifreiðinni, en klætt sig úr peysunni á hlaupunum.

Mætti segir, að þá er flytja átti ökumann í Slysadeild til töku á blóðsýni, þá hafi maðurinn ætlað að hlaupa frá þeim, hann hafi þá verið færður í handjárn.

Jón Otti bar í dóminum, að lögreglumennirnir hafi verið staddir í bifreið austarlega á Suðurlandsbraut, sennilega nálægt Grensásvegi, er tilkynningin barst. Þeir óku rakleitt á vettvang og höfðu uppi hljóð- og ljósmerki. Umferð hafi verið lítil og bjart, þannig að greiðlega gekk að komast á vettvang. Tók það aðeins nokkrar mínútur. Vitnið taldi, að í mesta lagi hefðu liðið 20—25 mínútur, frá því að þeir komu fyrst að bifreið ákærða og þar til hann sjálfan bar að í leigubifreið.

Sveinn Guðmundsson lögreglumaður, fæddur 4. ágúst 1958, var umrætt sinn í lögreglubifreiðinni með vitninu Jóni Otta. Við lögreglurannsókn 21. október sl. skýrði hann svo frá:

„Þeir hafi verið staddir á Suðurlandsbraut. Mætti segir, að tilkynningin hafi verið á þá leið, að bláum Fiat væri nú ekið eftir Bústaðavegi og að ökumaður væri sennilega ölvaður. Mætti segir, að þeir hafi þegar haldið á vettvang og ekið með rauð aðvörunarljós og gefið jafnframt hljóðmerki.

Mætti segir, að þá er þeir komu á staðinn, þá hafi þeir þar hitt mann, sem kvaðst vera tilkynnandi að atburði þessum. Mætti segir, að tilkynnandi hafi sagt þeim, að maður sá, sem hafi ekið bifreiðinni, hafi hlaupið inn í húsið nr. 7 við Seljaland. Mætti segir, að þeir lögregluþjónarnir hafi þegar farið að nefndu húsi. Þeir hafi þar farið í allar íbúðir, en í fyrstu hafi þeir ekki hitt á neinn, sem kannaðist við, að þangað hafi komið maður þá skömmu áður. Mætti segir, að þá er þeir voru að ræða við íbúa á annarri hæð til vinstri, þá hafi sá, en að það sé stúlka (sic). Mætti segir, að íbúi þessi hafi í fyrstu sagt, að hún kannaðist ekki við, að þangað hafi neinn komið. Síðan ítrekað spurð þá hafi íbúinn viðurkennt, að þangað hafi þá skömmu áður komið maður, sem íbúinn hafi lýst þannig, að sá hefði verið æstur og sennilega ölvaður, sá hefði beðið um síma. Hann hafi síðan stoppað skamma stund og farið burtu í leigubíl. Mætti kveðst þá þegar hafa farið í talstöð lögreglubifreiðarinnar og beðið um, að kallað væri í leigubifreiðarstöðvar og kannað, hvort bill hafi þá skömmu áður komið að húsinu nr. 7 við Seljaland til að taka þar farþega. Þeir hafi síðan fengið upplýs-

ingar um, að bill frá Bæjarleiðum hafi þá skömmu áður komið að nefndu húsi til að taka farþega.

Mætti segir, að þeir hafi síðan haldið að R 62778, þar sem að hún var utan vegar á Bústaðavegi. Þeir hafi þar aftur hitt tilkynnanda og haldið með honum í Hollywood til að svipast um eftir ökumanni. Þeir hafi einskis orðið visari og þá haldið aftur á Bústaðaveg.

Mætti segir, að þá hafi komið þar að maður og hafi sá passað við lýsingu á ökumanni. Maður þessi, sem hafi verið áberandi ölvaður, hafi komið til mætta og spurt: „Hvað eruð þið að gera við bilinn minn?“ Mætti segir, að maðurinn hafi þá verið handtekinn. Maðurinn hafi síðan verið færður fyrir varðstjóra og í framhaldi af því á Slysadeild Borgarspítalans, þar sem að honum var tekið blóð. Mætti segir, að þar hafi ökumaður reynt að hlaupa frá þeim og að þeir hafi orðið að færa hann þar í handjárn. Að þessu loknu var maðurinn færður í fangageymslu að boði varðstjóra.

Mætti vill taka fram, að allt tal mannsins hafi verið þannig, að mætti taldi víst, að maðurinn hafi þá skömmu áður ekið R 62778 og þá verið ölvaður. Þannig segir mætti, að maðurinn hafi sagt: „Blessaður vertu, ég hef nú unnið svona mál áður“, eins: „Ég get alltaf sagt, að ég hafi drukkið eftir aksturinn“. Þannig hafi tal hans verið storkandi við þá lögregluþjónana.

Vitnið Sveinn skýrði svo frá í dóminum, að lögreglubifreiðin hafi verið stödd á mótum Grensásvegur og Suðurlandsvegur, er tilkynning barst, og vel hafi gengið að komast á vettvang. Tilkynnandi benti lögreglumönnum á nærliggjandi hús, sem ökumaðurinn hefði farið inn í. Síðan var kannað, hvort maðurinn hefði komið í Hollywood og Hótel Esju. Að því loknu öku þeir aftur á vettvang, en í því kom ökumaðurinn þangað á leigubifreið. Taldi vitnið, að um 15 mínútur hefðu liði, frá því þeir komu fyrst á vettvang og þar til ökumaðurinn kom þangað. Vitnið sagði, að öll framkoma og látbragð mannsins hefði bent til þess, að hann hefði verið ölvaður, er hann ók bifreiðinni. Var hann mjög ögrandi í framkomu við lögreglumennina og hrósaði sér af því að hafa sloppið frá svona máli áður og taldi sig geta það á ný. Vitnið sagði sterka áfengislykt hafa verið í bifreiðinni, er að henni var komið. Einnig voru í henni tómar áfengisflöskur. Vitnið upplýsti, að moldarbingur sá, sem getið væri um í málsskjöllum, hafi ekki verið á akbrautinni, heldur fyrir innan kantsteina, sem afmarka akbrautina. Ákærði ók fyrst bifreiðinni upp á steininn, þá upp í binginn og til hliðar yfir hann og út í moldarflag fyrir innan binginn, þar sem hann sat fastur. Dráttarbifreið þurfti til að losa bifreiðina. Vitnið taldi bifreiðina hafa verið í slæmu ástandi fyrir óhappið og eitthvað hefði hún skemmst við ákeysrsluna.

Samkvæmt „skýrslu“ Bifreiðaeftirlits ríkisins var mjög margt aðfinnslu-

vert við bifreiðina. Þessi atriði voru léleg; afturljós, hemlaljós, stefnuljós og ójöfn hemlun. Eftirfarandi atriði voru talin óhæf: númerisljós, ljóstill-ing, hemlafetill, hjólbarðar, fjaðrabúnaður og yfirbygging.

Frumyfyrheyrslu yfir ákærða annaðist Gylfi Jónsson varðstjóri. Samkvæmt skýrslu varðstjórans hófst yfirheyrslan kl. 2235. Þá var af ákærða sterkur áfengisþefur, andlit hans var þrútið, augu vot og rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður hans greinargóður. Ákærði var kurteis í framkomu og fatnaður hans snyrtilegur. Ekki ber skýrslan það með sér, að ákærða hafi verið kynnt ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Ákærði kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni R 62778 frá húsi einu í Kópavogi og hafa verið á leið á Laugardalsvöllinn. Ákærði kvaðst hafa lagt af stað á tímabilinu kl. 1800—1900. Ákærði neitaði alfarið að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, en drakk um fjórðung úr 3 pela flösku eftir akstur. Áfengið fékk ákærði hjá kunningja sínum á Laugardalsvelli.

Eftir næturdvöl í fangageymslu lögreglunnar hófst yfirheyrsla á ný yfir ákærða kl. 0920 hjá rannsóknardeild lögreglunnar. Yfirheyrsluna annaðist Magnús Guðmundur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður. Framburður ákærða er á þessa leið:

„Mætti kveðst viðurkenna að hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis við akstur greindrar bifreiðar í umrætt sinn. Mætti segir, að um ca. 18.30 verið staddur í Garðabæ. Þá kveðst mætti hafa haft viðkomu í verslun og keypt þar eins flösku af miðstærð Coca-Cola. Mætti kveðst hafa drukkið úr flöskunni um það bil $\frac{1}{4}$ og síðan fyllt hana að nýju, sem hann var áður búinn að drekka með Vodka af Finlandia vodka gerð. Mætti kveðst þá hafa haldið rակեւիս að húsi, sem er í Kópavogi og mætti kveðst vinna við utanhúsmálningu á, nánar við Birkigrund, en í Kópavogi kveðst mætti hafa verið staddur um kl. 19.00. Í Kópavogi kveðst mætti hafa keypt aftur aðra Coca-Cola af sömu stærð og hina fyrri og farið nákvæmlega eins að. Mætti kveðst síðan hafa sinnt því erindi, er hann hafi þurft að sinna við greint hús, og þá haldið áfram leið sinni. Mætti kveðst hafa verið búinn að taka þá ákvörðun að fara að sjá knattspyrnukeppni á Laugardalsvelli og verið á leið þangað, er hann hafi ekið bifreiðinni út af á Bústaðavegi. Mætti kveðst hafa ekið eftirtaldir götu frá Birkigrund að þeim stað, er hann hafi ekið út af: Birkigrund, Kársnesbraut, Kringlumýrarbraut, Sléttuveg, Háaleitisbraut og austur Bústaðaveg. Mætti kveðst hafa verið einn í bifreiðinni, er akstur þessi átti sér stað, en mætti segir, að þar sem hann hafi ekkert verið búinn að neyta matar allan daginn, hafi áfengið svifið fljótt á hann.

Mætti segir, að eftir að hann hafi ekið bifreiðinni út fyrir veginn, hafi hann farið í hús kunningja síns og hringt á leigubifreið og farið með henni að leikvanginum í Laugardal. Þar kveðst mætti hafa séð eitthvað af seinni

hálfleik keppinnar, en síðan farið með leigubifreið að versluninni, sem er austarlega á Bústaðavegi, til að kaupa sér veitingar. Mætti kveðst hafa séð, er verið var að flytja bifreið sína á brott með dráttarbifreið, og kveðst mætti þá hafa fengið aðra leigubifreið og farið á staðinn til að kanna, hvað væri um að vera. Þá kveðst mætti hafa verið handtekinn og færður á lög-reglustöðina.

Aðspurður kveðst mætti ekki geta sagt til fyllilega um, á hve miklum hraða hann hafi verið eftir Bústaðavegi, en telur sennilegt að hafa verið á um það bil 60 km hraða miðað við klst. Mætti kveðst ekki geta ekið bifreið sinni mikið hraðar vegna almenns ástands hennar.“

Eins og skýrsla þessi ber með sér, verður ekki séð, að ákærði hafi við þessa yfirheyrslu verið spurður um áfengisneyslu eftir akstur, og ekki verður heldur séð, að hann hafi hreint út verið spurður um áfengisneyslu fyrir akstur. Fram kemur aðeins, að ákærði hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og hann hafi drukkið tvívegis fjórðung úr flösku af Coca-Cola gosdrykk og síðan fyllt flöskurnar á ný með vodka áfengi. Lengra nær frásögnin ekki beinlínis, þótt e. t. v. megi lesa milli línanna, að ákærði hafi drukkið úr flöskunum. Eins og á stóð, var mjög nauðsynlegt að fá þessi atriði fram skorinort.

22. september sl. neitaði ákærði að ljúka málinu með dómssátt og óskaði að breyta framburði sínum hjá lögreglunni. Skjöl málsins voru því send ríkissaksóknara 24. s. m. 30. þ. m. sendi ríkissaksóknari málið til lögreglustjóraembættisins og mælti fyrir um frekari rannsókn, eða eins og segir í bréfinu:

„Óhjákvæmilegt er, að tekin verði skýrsla af kærða á ný svo og öllum tiltækum vitnum, lögreglumönnum og öðrum, er geta borið um máls-atvik.“

Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá lögreglunni 12. janúar sl. samkvæmt margitrekuðum kvaðningum. Yfirheyrsluna annaðist Edvard Skúlason. Þá var komið nýtt hljóð í strokkinn, og var framburður ákærða þá á þessa leið:

„Mætti kveðst umræddan dag hafa verið við húsamálningu við Birki-grund 21, Kópavogi. Mætti kveðst þá hafa verið ákveðinn í að fara á Laugardalsvöll til að sjá þar leik. Mætti kveðst síðan hafa farið frá Birki-grund um kl. 2100 og þá verið á leið á Laugardalsvöll. Mætti kveðst þó hafa ætlað að koma við í strætisvagnabiðskýli við Bústaðaveg og kaupa þar súkkulaði. Mætti kveðst því hafa ekið Bústaðaveg í umrætt sinn. Mætti segir, að á Bústaðavegi miðjum hafi verið stór moldarbingur. Mætti kveðst ekki hafa náð að forða sér frá bing þessum í tæka tíð og ekið upp á hann, mætti kveðst við þetta hafa misst stjórnar á bílnum og hann farið utan vegar. Mætti kveðst aðspurður, þegar þetta var, ekki hafa bragðað áfengi. Mætti

kveðst eftir þetta hafa farið í hús í Fossvogi þar til að tala við kunningja sinn og fá að hringja á leigubíl. Þetta kveðst mætti hafa gert og hingt á leigubifreið frá Bæjarleiðum. Mætti kveðst hafa ekið með leigubíl þessum í Ármúla, en farið úr bifreiðinni við Vörumarkaðinn. Mætti kveðst þá hafa gengið að Múlakaffi. Þar kveðst mætti hafa farið inn og fengið sér veitingar. Mætti kveðst síðan hafa gengið sem leið lá á Laugardalsvöll og þar horft á kappleik. Mætti segir, að þá er hann kom á Laugardalsvöll, hafi verið eftir af þeim kappleik u. þ. b. 20 mínútur. Mætti kveðst hafa hitt þar kunningja bróður síns, mætti kveðst ekki þekkja þá með nafni. Þessir menn hafi gefið mætta tvær blöndur af víni, og kveðst mætti hafa drukkið þetta. Mætti kveðst hafa fengið hjá þessum mönnum eina blöndu af sama víni og tekið það með sér, þá er hann yfirgaf Laugardalsvöll. Mætti segir, að frá Laugardalsvelli hafi ekið sér maður, sem sé kunningi mætta. Mætti kveðst nú aðspurður ekki muna um nafn þessa kunningja síns. Mætti kveðst þá hafa farið aftur í biðskýlið við Bústaðaveg og farið þar inn. Mætti kveðst þaðan hafa hringt í leigubifreið frá B.S.R. Mætti kveðst hafa ætlað að fara að bifreið sinni og læsa henni. Mætti kveðst síðan, er hann kom að bifreiðinni, en þá verið handtekinn af lögreglu. Mætti kveðst nú hafa skýrt satt og rétt frá í máli þessu og ekkert undan dregið, sem máli skiptir.

Mætta er nú bent á misræmi í framburði mætta og segir mætti, að hann stafi af því, að þegar fyrri skýrslan hafi verið tekin af mætta, þá hafi honum verið sagt, að ef hann játaði ekki á sig brot þetta, þá yrði hann geymdur áfram í fangageymslum lögreglunnar. Mætti kveðst því hafa valið þann kost að játa. Mætti segir því, að fyrri skýrslur af sér teknar séu því rangar. Mætta er nú bent á, að í skýrslu vitnis komi fram, að mætti hafi, þegar hann fór frá bifreiðinni í fyrra skiptið á Bústaðavegi, að þá hafi verið vínlykt af mætta, þá kveðst mætti nú vilja taka fram, að áður en hann fór frá Birkigrund, að þá kveðst mætti hafa drukkið þrjá bjóra af þeirri gerð, sem seldir eru í verslunum hér. Þetta séu ekki sterkir bjórar, Tuborg, létt öl. Mætti kveðst í umrætt sinn hafa verið klæddur í rauða peysu og gallabuxur.

Mætti kveðst marg ítrekað aðspurður ekki hafa drukkið áfengi, áður en nefndur akstur átti sér stað.

Eftir birtingu ákæru á dómþingi 16. mars sl. kannaðist ákærði við að hafa ekið bifreiðinni R 62778 þá leið, sem í ákæru greinir, en neitaði að hafa þá verið undir áhrifum áfengis. Ekki væri um neina áfengisneyslu að ræða hjá ákærða fyrir akstur.

Ákærði var spurður um ósamræmið í skýrslum hans frá 16. júlí sl. og 12. janúar sl. Þá sagði hann, að lögreglumaðurinn, sem yfirheyrði hann í fyrra skiptið, hafi sagt honum, er hann kom úr fangageymslunni, ef hann

játaði, fengi hann að fara frjáls ferða sinna, en ef hann neitaði, þá yrði hann að fara í fangageymsluna aftur, þar sem frekari rannsókn þyrfti að fara fram. Ákærði tók fram, að hann hafi lent í samkynja máli áður og þá hafi honum veri haldið í fangageymslu í samtals 19 klukkutíma og hann hafi ekki viljað lenda í því aftur.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft áfengi meðferðis í bifreiðinni, en þegið áfengi hjá kunningjum á Laugardalsvelli. Um var að ræða þrjá „sjóara“, sem hann hafi þekkt lauslega í gegnum bróður sinn Jakob, og einn hafi heitið Smári. Frekari upplýsingar gat ákærði ekki gefið um mennina, þótt hann hafi rætt við Jakob, sem tjáði ákærða, að hann hafi kynnst þeim, er hann var til sjós á m/s Selá, en þeir á einhverju öðru skipi. Gat Jakob engar upplýsingar gefið um þá.

Ákærði var spurður, hvers vegna hann hafi ekki farið í það að losa bifreiðina, þar sem hún var föst í moldarbingnum. Þá sagði hann, að „startarinn“ hafi verið ónýtur og ekki hafi verið hægt að gangsetja bifreiðina, nema með því að láta hana renna eða með drætti. Ákærði kvaðst hafa reiknað með að hitta kunningja á vellinum, sem gætu orðið honum hjálplegir við að losa bílinn.

Ákærði bar, að seinni skýrsla sín í málinu væri rétt, en sú fyrri röng að svo miklu leyti sem hún brjóti í bága við þá seinni. Þá kvaðst ákærði vilja benda á, að samkvæmt tímasetningum leigubifreiðarstjórnanna (sbr. vottorð bifreiðastöðva) hafi bifreiðin, sem ók honum í seinna skiptið, verið kölluð út kl. 2125, en bifreiðin, sem tók hann við Seljaland 7, hafi verið send frá stöðinni kl. 2130.

Ákærði sagði, að Smári Kristjánsson hafi ekið sér frá vellinum og að söluskálanum við Bústaðaveg. Ákærði hitti fleiri kunningja á vellinum, m. a. Þórhall Björnsson og Magnús Theódórsson, en talaði aðeins við þessa tvo.

Ákærði var spurður um, hvort hann hafi bent yfirheyrsluáðiljum á þessi vitni. Ákærði kvaðst hafa gert það í seinna skiptið svo og í kærú sinni.

3. f. m. voru ákærði og vitnið Magnús Guðmundur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður samprófaðir í dóminum. Þá kvaðst ákærði halda fast við fyrri framburð um, að hann hafi gefið þá skýrslu, sem vitnið tók af honum, til að losna við frekari dvöl í fangageymslu lögreglunnar, eins og honum hafi verið hótad, ef hann játaði ekki. Vitnið sagði, að skýrslutaka ákærða hafi verið gerð með eðlilegum hætti. Honum hafi verið kynnt réttarstaða sín sem grunaðs manns, bæði að því er varðaði yfirheyrsluna sjálfa og rétt til að fá réttargæslumann. Ákærði hafi viljað setja upp ákveðin skilyrði fyrir játningu um, að honum yrði sleppt að lokinni yfirheyrslu, þar sem sín reynsla hefði sýnt, að hann yrði settur inn á ný, ef hann játaði ekki. Vitnið benti ákærða á, að það hefði aðeins áhuga á að fá fram það,

sem raunverulega hefði skeð kvöldið áður, þ. e. staðreyndir, en um samninga væri ekki að ræða.

Ákærði kvaðst um morguninn hafa borið um málavexti á sama hátt og við seinni yfirheyrslu og í dómnum. Sú skýrsla var ekki tekin til greina og honum sagt, að hann yrði settur á ný í fangageymsluna, ef hann játaði ekki að hafa verið undir áhrifum áfengis við að keyra.

Vitnið sagði, að eins og málið lá fyrir, er það fékk það til meðferðar um morguninn, hafi það verið út í bláinn, að það hafi getað fullyrt, að ákærði hafi ekið umrætt sinn. Vitnið kvaðst aðeins hafa getað metið málið eftir frumgögnum þess.

Vitnið bar, að það hafi ekki verið tekin nema ein skýrsla af ákærða umræddan morgun og það væri sú skýrsla, sem lægi frammi. Vitnið staðfesti skýrsluna og undirskrift sína undir henni. Vitnið kvaðst hins vegar hafa hitt ákærða á lögreglustöðinni og rætt við hann óformlega, er Edvard Skúlason yfirheyrði hann eða ákærði var að falast eftir gögnum á lögreglustöðinni. Þá hafði ákærði orð á því, að hann hefði játað af ótta við frekari innilokun, þar sem hann hefði áður í samkynja máli lent í því, en sök hans hafi þá ekki sannast.

Ákærði kvaðst ekki halda því fram, að hann hafi skrifað undir tvær skýrslur, heldur að hann hafi „fyrst sagt sannleikann og síðan það, sem hann skrifaði undir“.

Vitnið kvaðst ekki muna beint eftir þessu, þótt slíkt kunni að hafa átt sér stað, því að sá framburður, sem færður hafi verið inn í skýrsluna og ákærði hafi ritað undir, hafi verið sú endanlega frásögn af staðreyndum málsins.

Þegar virtir eru framburðir Magnúsar Kjartans, Jens Guðmundssonar og Kristjáns Kristjánssonar, atvik málsins að öðru leyti, svo sem aksturslag ákærða og framkoma öll, getur dómurinn með engu móti séð, að ákærði hafi játað á sig frekari sakir en efni stóðu til, auk þess sem ekkert annað rennur stóðum undir, að hann hafi verið beittur ólögmætum þvingunum til að játa á sig brot. Ekki verður það talið ólögmæt rannsóknaraðferð að skerða frelsi grunaðs manns til að koma í veg fyrir, að hann torveldi rannsókn máls með því að hafa áhrif á vitni eða á annan hátt, sbr. meginreglu 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ekki telst því afturhvarf á játningu ákærða marktækt. Hins vegar verður niðurstaða blóðrannsóknar eigi lögd til grundvallar fullum fetum, þegar það er virt, að ákærði sagði við frumyfirheyrslu hjá Gylfa Jónssyni, að hann hafi neytt áfengis að akstri loknum, og við yfirheyrslu næsta morgun láðist að spyrja hann um slíkt, og ekki er loku fyrir það skotið, að ákærði hafi orðið sér úti um áfengi eftir akstur og áður en hann var handtekinn. Heimfæra ber því háttsemi ákærða, sem er rétt lýst í ákæru, undir 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., en ekki 4. mgr.

sömu lagagreinar, auk 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, eins og í ákæru greinir.

31. janúar 1979 undirgekkst ákærði að greiða sekt að fjárhæð 15.000 gkr. til ríkissjóðs vegna brots á 50. gr. umferðarlaga. Að öðru leyti hefur hann eigi sætt refsingun.

Refsing ákærða telst með vísan til 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 2.000.00 krónur til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða með úrskurði lögreglustjóraembættisins frá 30. júlí sl., sem birtur var eigi fyrr en 2. september sl. 24. s. m. kærði ákærði úrskurðinn með bréfi til dómsins. Með úrskurði, uppkveðnum 16. október sl., var ákvörðun lögreglustjórans staðfest. Úrskurðurinn var birtur 19. s. m. Ekki þykja vera efni til, að ákærði sæti frekari ökuréttindasviptingu, og fellur bráðabirgðasvipting niður með dómi þessum.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Egill Ragnars Guðjohnsen, greiði 2.000.00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfisvipting, og fellur bráðabirgðaökuréttindasvipting frá 2. september 1981 úr gildi.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.